

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 236/2022**2023/EES/31/09**

frá 23. september 2022

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/617 frá 12. apríl 2022 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1881/2006 að því er varðar hámarksgildi fyrir kvikasilfur í fiski og salti ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/502 frá 29. mars 2022 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 1321/2013 að því er varðar nafn leyfishafa fyrir reykbragðefnið „Scansmoke PB 1110“ á forstigi framleiðslu ⁽²⁾.
- 3) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um matvæli. Ákvæði löggjafar um matvæli skulu ekki gilda gagnvart Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtenstein, eins og fram kemur í inngangsorðum XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að gilda gagnvart Liechtenstein.
- 4) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það,

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða gerðar á XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

1. Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 54zzzz (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1881/2006):
„– **32022 R 0617**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/617 frá 12. apríl 2022 (Stjtíð. ESB L 115, 13.4.2022, bls. 60).“
2. Eftirfarandi undirlið er bætt við 84. lið (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1321/2013):
„, breytt með:
– **32022 R 0502**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/502 frá 29. mars 2022 (Stjtíð. ESB L 102, 30.3.2022, bls. 6).“

2. gr.

Texti reglugerðar (ESB) 2022/617 og framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2022/502, sem verður birtur í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins, er gildur á íslensku og norsku.

*3. gr.*Ákvörðun þessi öðlast gildi 24. september 2022, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram ^(*).⁽¹⁾ Stjtíð. ESB L 115, 13.4.2022, bls. 60.⁽²⁾ Stjtíð. ESB L 102, 30.3.2022, bls. 6.^(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 23. september 2022.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Kristján Andri Stefánsson

formaður